

**Nefndasvið Alþingis  
v Austurvöll  
150 Reykjavík**

29.maí 2015

**Umsögn: 95.mál. Þjóðfáni Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið**

Þessi síðbúna umsögn er send til að leggja áherslu á að Alþingi afgreiði þetta mál og stuðli með því að aukinni notkun þjóðfánans, sem er meginatriði fyrir þann hóp manna sem vilja efla íslenska fánann sem einkenni þjóðríkisins. Það að leyfa að hafa fánann við hún frá miðjum maí til miðs ágústmánaðar er veigamikil aðgerð til að auka notkun fánans. Flutningsmenn frumvarpsins og hópurinn sem hefur reynt að þrýsta á aukna notkun þjóðfánans, bæði á vörur og með því að flagga, munu án efa leggja sitt af mörkum til að hvetja landsmenn til að nota fánann óspart eftir að þetta frumvarp hefur verið samþykkt (og einnig 685.mál).

Látið nú hendur standa fram úr ermum þingmenn góðir og skilið málinu með jákvæðri umsögn til þingforseta. Þessi frumvörp kosta ríkissjóð ekkert, en munu stuðla að aukinni sölu á fánamerktum varningi og þar með tekjum auk þess að efla þjóðarvitund og samstöðu þjóðarinnar.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson  
Kvistabergi 13, 221 Hafnarfirði